

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
21. okt. 2010
10.5.3
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. október 2010  
Tilvísun: UST20101000033/bs

### Norðausturvegur, breytt vegtenging við þéttbýlið í Vopnafirði. Umsögn um tilkynningaskylda framkvæmd.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 7. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Hér er um að ræða tvo nýja vegi. Annars vegar framhald götunnar Hafnarbyggð að núverandi Norðausturvegi austan við Nýpslón, rúmlega 1,1 km að lengd. Hins vegar rúmlega 1 km framhald Norðausturvegar um Vesturárdal. Einnig er fyrirhugað að byggja tvær stuttar vegtengingar þannig að heildarlengd nýbygginga verður samtals um 2,6 km.

Nýjar veglínur liggja um votlendi á um 1,2 km löngum kafla. Við það verður raskað votlendi sem er stærra en 3 ha, en það nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Að hluta til hefur umrætt votlendi verið ræst fram. Ráðgert er að endurheimta votlendi sambærilegt að stærð og það sem raskað verður við fyrirhugaða framkvæmd. Hér er um að ræða þann hluta mýrlendisins sem raskað hefur verið með framræslu auk svonefndar Íshústjarnar sem nú er votlendi.

Í tengslum við fyrirhugaða endurheimt vill Umhverfisstofnun benda á umfjöllun í tilkynningarskýrslu um gerð framræsluskurða á því svæði þar sem ráðgert er að endurheimta votlendi: "Við upphaf vegar B verða gerðir nýir skurðir í stað þeirra sem raskast, í samráði við Vopnafjarðarhrepp, þannig að vatn eigi áfram greiða leið í gegnum svæðið." Umhverfisstofnun telur að gera hefði átt grein fyrir hvernig aðgerðir af þessu tagi samrýmast endurheimt votlendis.

Í skýrslu Náttúrustofu Austurlands um gróðurfar og fuglalíf á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði kemur fram að á svæðinu fundust ekki sjaldgæf gróðurlendi, en verðmæti votlendis var talið töluvert.

Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif fyrirhugaðrar veglagningar felist í röskun votlendis. Framkvæmdaaðili ráðgerir að endurheimt votlendi í þeim hluta Hestamýra sem raskað hefur verið með framræslu. Ef endurheimtin heppnast mun votlendi í Hestamýrum verða áþekkt að stærð að veglagningu lokinni og það er nú.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt  
Björn Stefánsson  
Björn Stefánsson

Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri